

Nr. 040/15 Maron GK 522**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 0363
Smíðaður: Zaandam Hollandi 1955, stál
Stærð: 80,6 brl. 91,99 bt.
Mesta lengd: 24,60 m Skráð lengd: 21,96 m
Breidd: 5,6 m Dýpt: 2,75 m
Vél: Cummins 1986, 400 kW
Fjöldi skipverja: 6



Maron©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. apríl 2015 var Maron GK 522 á siglingu á Stakksfirði. Veður: NA 8-10 m/sek.

Skipið hafði nýlega látið úr höfn í Yrti-Njarðvík og skipstjóri sett á fulla ferð en þá féll siglingahraði en vélin gekk lausagang. Skipstjóri hafði samband við Keili SI 145 sem var skammt undan og óskaði eftir aðstoð auk þess sem netadrekum var varpað útbyrðis til að forða reki upp í fjöru.

Þegar Keilir kom hafði verulega dregið úr rekinu og dró hann Maron inn fyrir hafnargarða þar sem dráttarbátur tók við að koma honum að bryggju.

Við rannsókn kom fram:

- að öxull í vökvadælu fyrir gír aðalvélar brotnaði og missti gírinn olúþrýsting við það;
- að engin rafdrifin varadæla var fyrir gírinn;
- að skipið er búið fastri skrúfu.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að öxull brotnaði í olúdælu.